

# Húsreglur fyrir Nemendagarða Háskólans á Hólum

## 1. gr.

a) Íbúum er skylt að ganga þrifalega og hljóðlega um íbúðir, sameiginlegt húsrými og lóðir Nemendagarða og raska ekki að óþörfu friði og ró í húsinu. Skulu íbúar jafnan gæta þess að valda öðrum íbúum sem minnstu ónæði og taka fullt tillit til sambýlisfólks síns í allri umgengni. Íbúum er óheimilt að nota sameiginlegt húsrými eða lóð til samkvæmishalda eða annars en því er ætlað.

b) Reykingar eru ekki leyfðar í íbúðum Nemendagarða.

c) Milli kl. 23:00 og 07:00 skal ríkja kyrrð á öllum svæðum Nemendagarða. Við sérstakar upptökur skal leita eftir samþykki næstu náganna og umsjónarmanns Nemendagarða með að minnsta kosti 3ja daga fyrirvara.

Við misræmi á milli þessarar reglu og annarra opinberra reglna um hávaða, ónæði fyrir náganna o.þ.h. gidlir strangari reglan.

d) Óheimilt er að skilja sorp eftir fyrir utan íbúðir. Um sorplosun gilda annars reglur og leiðbeiningar Sveitarfélagsins Skagafjarðar.

## 2. gr.

a) Við innflutning: Lyklar eru afhentir á opnunartíma þjónustuborðs Háskólans á Hólum, nema um annað sé samið fyrirfram. Verði leigjandi var við skemmdir eða aðra annmarka á húsnæðinu við innflutning, skal leigjandi láta umsjónarmann Nemendagarða vita innan 2ja daga eftir að flutt er inn.

b) Á leigutímabilinu: Íbúum er skylt að gera umsjónarmönnum Nemendagarða viðvart um ef bilanir eða skemmdir verða á húsnæðinu eða búnaði þess.

c) Við brottflutning: Leigjandi skal skila húsnæðinu eigi síðar en kl. 12.00 á síðasta degi leigusamnings, nema um annað sé samið fyrirfram. Leigjanda er ráðlagt að fylgja „Gátlista vegna skila á íbúðum Nemendagarða“ við brottflutning.

Leigjandi ber ábyrgð á að húsnæði og öðru sem því tilheyrir sé skilað vel þrifnu og í góðu ástandi. Nemendagörðum er heimilt að veita sekt skv. gjaldskrá Nemendagarða ef þrifum er ábótavant. Ef skemmdir eru á eignum Nemendagarða við brottflutning eða leigjandi skilur eftir búnað sem Nemendagarðar þurfa að fjarlægja, áskilja Nemendagarðar sér rétt til að krefjast greiðslu vegna þessa.

Leigjandi skal vera til staðar við úttekt á húsnæðinu, ásamt fulltrúa frá Nemendagörðum. Sé leigjandi ekki til staðar við úttekt, getur hann ekki gert athugasemdir við úttektina eftir á.

## 3. gr.

a) Sækja þarf um leyfi frá Nemendagörðum fyrir allt dýrahald á Nemendagörðum. Nemendagarðar áskilja sér rétt til að hafna umsóknum sé dýrahaldið talið líklegt til að raska ró á svæðinu, valda ónæði fyrir náganna eða skemmdum á eignum Nemendagarða.

Slík leyfi eru eingöngu gefin þegar leigð er íbúð án húsgagna og ekki er talið að dýrahaldið valdi skaða á eignum Nemendagarða eða annarra.

b) Flytji leigjandi inn með dýr án leyfis varðar það sekt skv. gjaldskrá Nemendagarða. Leigjandi skal einnig flytja dýrið tafarlaust úr íbúðinni sé þess óskað af umsjónarmanni Nemendagarða.

c) Eftirfarandi reglur gilda fyrir hverja tegund dýra:

- 1) Hundar: Óheimilt er að láta hunda ganga lausa á svæðum Nemendagarða og/eða Háskólans á Hólum. Einungis er leyfður einn hundur í hverri leiguingu. Leigjandi skal einnig fylgja reglum Sveitarfélagsins Skagafjarðar vegna hundahalds. Greiða skal sérstakt tryggingargjald fyrir hundahald, skv. gjaldskrá Nemendagarða.
- 2) Kettir: Leigjandi skal fylgja reglum Sveitarfélagsins Skagafjarðar vegna kattahalds. Greiða skal sérstakt tryggingargjald fyrir kattahald, skv. gjaldskrá Nemendagarða.
- 3) Fuglar, nagdýr og önnur smádýr í búrum: Leyfileg að undanfögnu leyfi frá Nemendagörðum.
- 4) Önnur dýr: Ekki leyfileg.

#### **4. gr.**

a) Reglur þessar eru settar skv. ákvæði í gildandi húsaleigusamningi og eru ætlaðar til þess að leigjendum séu ljósar skyldur þeirra bæði gagnvart Nemendagörðum og öðrum íbúum á svæðinu.

b) Ítrekað brot á húsreglum getur leitt til uppsagnar á húsaleigusamningi. Séu fleiri leigjendur í sömu íbúð, bera allir jafna ábyrgð á brotum á húsreglum.

c) Um aðrar skyldur leigjenda gagnvart Nemendagörðum og öfugt er vísað til ákvæða í húsaleigusamningi.